

Allar skattskyldar tekjur eru notaðar við útreikning á lífeyri og tengdum greiðslum, svo sem atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur og fjármagnstekjur.

Helmingur fjármagnstekna hjóna / sambúðarfólks hefur áhrif á útreikning hjá hvoru fyrir sig. Aðrar tekjur maka en fjármagnstekjur hafa ekki áhrif á útreikning lífeyris.

Auðvelt er að setja forsendur inn í **reiknivél lífeyris á tr.is** til að skoða áhrif tekna á greiðslur.

**Tafla 1. Hvað má hafa í tekjur án þess að það hafi áhrif á útreikning?**

Taflan sýnir frítekjumörk árstekna	
Tegund tekna	Tekjutrygging og heimilisuppbót
Atvinnutekjur	1.315.200
Lífeyrissjóðstekjur	328.800
Fjármagnstekjur, t.d. vextir, verðbætur, söluhagnaður og leigutekjur	98.640

Lífeyrissjóðstekjur hafa ekki áhrif á grunnlífeyri almannatrygginga.

Aðeins þeir sem fá greiddan lífeyri geta fengið greidda tekjutryggingu, heimilisuppbót og aðrar uppbætur.

Búseta erlendis getur lækkað greiðslur lífeyris og tengdra bóta.

**Tafla 2. Helstu upphæðir sem notaðar eru þegar lífeyrir og tengdar greiðslur eru reiknaðar.**

Réttindi	Upphæðir		Frítekjumörk		Greiðslur falla niður	
	mán.	ár	mán.	ár	mán.	ár
Örorku-/endurhæfingarlífeyrir						
Örorku- og endurhæfingarlífeyrir /grunnlífeyrir	46.481	577.772	214.602	2.575.220	400.526	4.806.308
Aldurstengd örorkuuppbót 100%	46.481	577.772	214.602	2.575.220	400.526	4.806.308
Tekjutrygging	148.848	1.786.176	Sjá töflu 1	Sjá töflu 1	388.130	4.657.565
Heimilisuppbót	50.312	603.744	Sjá töflu 1	Sjá töflu 1	388.130	4.657.565
<b>Annað</b>	<b>mán.</b>	<b>ár</b>	<b>mán.</b>	<b>ár</b>	<b>mán.</b>	<b>ár</b>
Framfærsluviðmið <sup>*1</sup> býr ekki einn	247.183					
Framfærsluviðmið <sup>*1</sup> býr einn með heimilisuppbót	310.800					
Örorkustyrkur (16 til 61 árs)	34.362	412.344	214.602	2.575.220	397.866	4.774.388
Örorkustyrkur (62 til 66 ára)	46.481	577.772	214.602	2.575.220	400.526	4.806.308
Uppbót á lífeyri <sup>*2</sup> - 5 til 140% af lífeyri					244.132	2.929.580
Uppbót v/reksturs bifreiðar	17.180	206.160			400.526	4.806.308
Ráðstöfunarfé	74.477	893.724	0	0	114.580	1.374.960

Hlutfall frádráttar eftir að frítekjumörkum er náð er mismunandi eftir greiðslutegundum, sbr. **töflu 3**.

Tafla 3. Tegundir lífeyris	Frádráttur
Örorku- og endurhæfingarlífeyrir (lífeyrir)	25%
Aldurstengd örorkuuppbót er fast hlutfall af örorkulífeyri og miðast við aldur við fyrsta örorkumat	25%
Tekjutrygging: Viðmiðunartekjur lífeyris upp að 2.575.220 kr.	38.35%
Tekjutrygging: Viðmiðunartekjur lífeyris yfir 2.575.220 kr.	13.35%
Heimilisuppbót örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega	12.96%
Ráðstöfunarfé	65%

<sup>\*1</sup>**Framfærsluviðmið (Sérstök uppbót til framfærslu):** Ef allar tekjur, að meðtöldum skattskyldum tekjum frá Tryggingastofnun, eru undir framfærsluviðmiði er það sem upp á vantar greitt sem sérstök uppbót til framfærslu. Uppbót á lífeyri<sup>\*2</sup> hefur ekki áhrif á sérstaka uppbót til framfærslu.

<sup>\*2</sup>**Uppbót á lífeyri** getur verið 5 til 140% af lífeyri. Allar tekjur, að meðtöldum skattskyldum tekjum frá Tryggingastofnun öðrum en aldurstengdri örorkuuppbót, hafa áhrif á útreikning.

Uppbætur falla niður ef eignir í peningum og/eða verðbréfum fara yfir 4 milljónir hjá einstaklingi en 8 milljónir hjá hjónum.